

Umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytið  
Skuggasundi 1-3  
101 Reykjavík  
Sent í samráðsgátt Stjórnarráðsins


Garðabær, 17. febrúar 2022  
Tilvísun: 202202-0009  
SS

**Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 – bætt nýting virkjana, mál nr. 31/2022.**

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst ekki gegn fyrirhugaðri breytingu á lögnum. Tæknileg aflaukning í vatnsaflsvirkjunum sem ekki felur í sér stækkun ætti ekki að fela í sér þessar háttar forsendubreytingu að þörf sé á sérstakri umfjöllun í ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar. Mikilvægt er þó að skilgreint sé nákvæmlega í væntanlegu frumvarpi og meðfylgjandi greinargerð um hvað átt sé við með tæknilegri aflaukningu. Í áformunum er tekið skýrt dæmi um nýtingu umframrennslis í vatnsaflsvirkjunum en útskýra ætti hvernig þetta á við um aðrar virkjanir eins og jarðvarmavirkjanir. Best væri að sem mest tæmandi listi um þessi tilfelli fylgi frumvarpinu þannig að engin hætta sé á að breyting á virkjun sem felur í sér einhvers konar stækkun með tilheyrandi aukningu á umhverfisáhrifum verði heimiluð með vísun í þetta lagaákvæði.

Að því sögðu getur verið gagnlegt í ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar að hafa áform um aflaukningu einnig til umfjöllunar samhliða nýjum virkjunarkostum, í það minnsta óformlega. Þannig getur fengist betri yfirsýn á heildarstöðu orkuöflunar á landsvísu eða í einstökum landshlutum og hver sammögnunaráhrif af allri virkjunarstarfsemi eru. Aflaukningu getur fylgt þörf á aukinni innviðauppbyggingu m.a. á flutningsinnviðum raforku með tilheyrandi áhrifum og slíkt getur skipt máli þegar verið er að leggja mat á stöðu annarra virkjunarkosta. Sama á í raun við um smávirkanir sem ekki falla undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Mjög mikilvægt er að við mörkun stefnu og ákvarðanatöku um orkunýtingaráform sé horft heildstætt á þessi mál þótt munur geti verið á formlegri afgreiðslu virkjunarkosta.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar  
Náttúrufræðistofnun Íslands

